

**180 III. Viðurlög.**

15. júlí Samkvæmt tollögum getur það varðað viðtakanda þungum viðurlögum, ef framlagður vörureikningur eða framangreind staðfestingargögn eru ekki rétt, vanrækt er að leggja þau fram eða þau tilgreina ekki þau atriði, sem fyrirskipuð eru.

*Fjármálaráðuneytið, 15. júlí 1942.*

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Einar Bjarnason.*

**181**

23. sept.

**AUGLÝSING**

**um breytingu á ljósmæðrareglugerð nr. 103 23. okt. 1933.**

11. gr. reglugerðarinnar skal orða svo:

**Skyldur ljósmæðra að tilkynna barnsburði.**

Þá er ljósmóðir tekur á móti barni, skal hún jafnan tilkynna barnsburðinn á þann hátt, sem hér segir:

Ljósmóðir skal semja tilkynninguna þegar í stað, ef barnið fæðist andvana, og ef það deyr nýfætt, þá strax eftir andlátið, en lifi barnið, þá eigi síðar en 7 nóttum eftir fæðinguna.

Þessar tilkynningar skal jafnan skrá á eyðublöð, sem þar til eru gerð og hér aðslæknir lætur í té.

**Hverjum tilkynna skal.**

Ef móðirin er í þjóðkirkjusöfnuði, skal senda tilkynninguna þeim þjóðkirkju-presti, sem fæðingarsókn barnsins heyrir undir, og allt að einu ef hún er ekki í neinum löggildum söfnuði. Nú er móðirin í utanþjóðkirkjusöfnuði, sem hefur löggildan prest eða forstöðumann, og skal þá senda honum tilkynninguna, ef barnið fæðist heima í safnaðarhverfi hans. Má alls ekki bregða út af þessum fyrirmælum, þó að í ráði sé að fara með barnið til skírnar í aðra sókn, eða sleppa skírn, því að hvern barnsburð ber að skrá og setja í fæðingarskýrslu þeirrar sóknar, þar sem barnið fæðist, án tillits til þess, hvar móðirin á lögheimili og eins þó að hún sé gestkomandi eða ali barnið á fæðingarstofnun utan sóknar sinnar.

Þar sem eru heilsuverndarstöðvar viðurkenndar af heilbrigðisstjórninni, er hafa með höndum almenna ungbarnavernd, skal ljósmóðir tilkynna barnsburðinn þangað, en stöðin sendir jafnóðum allar tilkynningar, er henni berast, til hlutað-eigandi sóknarprests eða safnaðarstjóra.

**Ef tilkynning er vanrækt.**

Ef ljósmóðir, sem stundar ljósmóðurstörf, fær vitneskju um, að barn hafi fæðzt í umdæmi hennar og verið vanrækt að tilkynna barnsburðinn, þá skal hún tafarlaust gera þeim prest eða safnaðarstjóra eða heilsuverndarstöð, sem tilkynna ber, aðvart um það, eða, ef hún kys heldur, hinni skipuðu ljósmóður umdæmisins, sem síðan annast tilkynninguna.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 23. september 1942.*

**Jakob Möller.**

*Gústav A. Jónasson.*